

Fundur fræðslunefndar Langanesbyggðar, haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn, þriðjudaginn 27. nóvember 2012 kl. 16:00

Mættir: Siggeir Stefánsson formaður, Vilborg Stefánsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Halldóra Sigríður Ágústsdóttir, Stefán Benjamínsson, Kristinn Lárusson, María Guðmundsdóttir, Bylgja Sigurbjörnsdóttir, Ólöf Arnmundsdóttir (í gegnum síma) og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritar fundargerð. Ingveldur Eiríksdóttir og Jóhanna Thorsteinsson mættu á fundinn síðar.

Siggeir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu á breytingu á dagskrá þar sem Ingveldur var ekki mætt að taka liði 2 og 3 í áður kynntri dagskrá á undan lið 1. Það var samþykkt

1. Bréf frá Norðurþingi vegna skólaþjónustu

Í bréfinu er kynnt fyrirhuguð breyting á skólaþjónust hjá Norðurþingi Lagt fram til kynningar

2. Skýrsla leikskólastjóra Barnabóls.

Halldóra fór í stórum dráttum yfir það sem hefur verið á döfunni hjá Barnabóli að undanfögnu.

- Allt starfsfólk fór á þing á Húsavík. Mjög gagnlegt og gott þing.
- Halldóra fór á námskeiðið „Hljóm II“ og hefur verið í framhaldi af því að láta elstu börnin taka svokölluð Hljómpróf. Mikil fylgni með þessu prófi og hvernig börnum gengur að tileinka sér lestur í framtíðinni. Verið að vinna með niðurstöður og hvernig er gott að vinna með börnum áfram. Þetta fylgir þeim síðan upp í grunnskólann.
- Grænfánaverkefnið í fullum gangi. Búið að búa til skilti, á fullu í flokkun og fleiri verkefnum.
- Kirkjustarf innan leikskólans - Syngjandi kirkja. Hildur frá Skinnastað kemur á hverjum þriðjudegi og hittir börnin. Gengur vel og börnin eru mjög ánægð
- Foreldraviðtöl eru búin, gengu vel.
- Búið að gera rýmisáætlun fyrir leikskólann
- Í undirbúningi að halda skyndihjálparnámskeið eftir áramót
- Búið að funda 2 sinnum í undirbúnings hóp um byggingu nýs leikskóla og búið er að reyna 2x að fara í heimsókn austur á land en því hefur verið frestað vegna veðurs í bæði skiptin.
- Skólastjóra fundur haldinn í Mývatnssveit þar sem viðfangsefnið var Blátt áfram.
- Kvennfélag Þistilfjarðar kom færandi hendi með saumaða taupoka og færði leikskólanum. Pokarnir notaðir undir föt sem verið er að fara með heim eru liður í því að minka plastpokanotkun á leikskólanum.
- Íþróttir í íþróttahúsinu hafa aðeins verið að falla niður vegna þess að það krefst að einhver geti farið á undan og stillt upp fyrir börnin. Leikskólinn hefur verið að einhverju leyti undirmannaður að undanfögnu m.a. vegna veikinda og töku á sumarfríi hjá starfsmönnum en starfsmenn eiga meira sumarfrí en leikskólalokunin er.
- Starfsmannaviðtöl eru í næstu viku. Hluti af nýja kerfinu þar sem leikskólaárinu er skipt í 4 annir, að hafa starfsmannaviðtöl eftir hverja önn.

- Vinnudagur í leikskólalóðinni þar sem George og Sarka komu og unnu ásamt foreldrum. Unnið var frá 10 -18 á laugardegi og eiga allir sem komu að þessu og gáfu vinnu sína þakkir fyrir frábæra vinnu.

Afrakstur dagsins var : Eldstæði, klifurbraut,rennibraut, stórir steinar settir niður , stiklur settar niður í kringum bryggjuna, borð(steinn) og stólar(sagaðir drumbar) sett niður í sandkassann, búin til blómabeð og ýmis smærri verk unnin.

Rætt um að þetta verkefni mætti kynna betur.

Ingveldur og Jóhanna mættu á fundinn.

3. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

Umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað í starfi Grunnskólans á Þórshöfn síðan skólinn hófst í haust. Það eru mörg verkefni sem búið er að vinna, önnur sem eru í gangi og framundan eru fleiri verkefni.

Ingveldur kynnti fyrirhugaðar breytingar á skóladagatali. Breytingar eru fólgnar í eftirfarandi atriðum:

- Breytingar í desember
- Námsmatsdagar
- Samtalsdagar
- Breytingar á starfsdögum
- Breyting á tímasetningu vetrarfrís
- Skóli lengur fram í júní

Ingveldur lagði fram breytt skóladagatal þar sem hún leggur til umtalsverðar breytingar bæði innan skólaársins og það að lengja skólaárið um tvo daga. Í breytingunum felst það að jólaleyfi er lengt um einn dag og að starfsdagur sem var á laugardegi flyst yfir á virkan dag. Vegna þessa lengist viðvera nemenda og kennara um 2 daga í júní.

Miklar umræður sköpuðust um fyrirhugaðar breytingar á skóladagatali. Ingveldur fór vandlega yfir forsendur þess að verið er að leggja til svona umfangsmiklar breytingar á miðju skólaári.

Endanleg ákvörðun verður tekin þegar búið er að leggja breytt skóladagatal fyrir skólaráð og kynna það fyrir nemendráði.

4. Fundartími fræðslunefndar – Næsti fundur

Siggeir kynnti hugmyndir um fasta fundartíma fyrir fræðslunefnd. Leggur til að fundað verði hálfsmánaðarlega, alltaf á miðvikudögum. Mikilvægt að funda oft og reyna þá frekar að hafa fundarefnið afmarkaðra og fundina styttri og hnitmiðaðri. Markmiðið með þessu er að nefndin verði virkari og geti stutt betur við skólastarfið.

Ákveðið að halda næsta fund fræðslunefndar 5. desember n.k. kl 16:00. Vegna aðstæðna í kringum jólin þarf að skoða með næsta fund á eftir honum.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 17:10